

Skólaráðsfundur 31.mars 2016 kl. 17:20

Mætt: Hólmfríður, Svandís, Jóna Björg, Þorsteinn og Jóhanna. Irena mætti ekki og boðaði ekki forföll.

Fundarefni:

- **Skóladagatal 2016-2017** umræða og óskir fundarmanna áður en farið er í vinnu við gerð þess. Rætt m.a. kostir og gallar þess að sameina skóladagatöl grunn-og leikskólans en það var tillaga skólustjóra og deildarstjóra fyrir komandi skólaár.
Ákveðið að auka samræmingu skóladagatala og hafa lokað í leikskólanum: þorláksmessu og á milli hátíðanna um jól. Athuga með afleysingu á sameiginlegum starfsdögum, í vetrarfrí og dimbilvikunni.
Litlu jólin á þriðjudegi 20. des og þá sem einfaldur dagur.
Halda tvöföldum dögum en hugsanlega með öðru sniði t.d. leikhúsferð, fjölmeningarkvöld, myndasýning.
Sundið verður eins og venjulega í skólabyrjun í ágúst.
Talið skynsamlegt sé að samhæfa vetrarfrí og skipulagsdaga með skólunum hér fyrir austan.
Skóladagatalið verður rætt á kennarafundi og það síðan sent til skólaráðs og skólanefndar til staðfestingar.
- **Tillaga um breytta námsmatskvarða til umræðu** það er tillaga kennara frá kennarafundi í nóvember að í framtíðinni verði einkunnir gefnar í bókstöfum á unglíngastigi í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra. Í áttunda bekk yrði þá gefið í tölustöfum og bókstöfum um jól, líkt og við gerðum í desember. Nemendur á yngsta- og miðstigi fengju einkunnir sínar í formi tölustafa, utan 1. og 2. bekkjar sem fengju umsagnir og yrði það óbreytt fyrirkomulag á yngsta og miðsstigi.
Skólaráð ræddi kosti og galla þessa. Talið mikilvægt að taka upp einkunnir í bókstöfum á öllu unglíngastigi, einnig 8. bekk um jól. Nemendur á yngsta- og miðstigi fái einkunnir sínar í formi tölustafa, utan 1. og 2. bekkjar en þeir fái umsagnir. Þegar matskvarðar í bókstöfum fyrir miðstig og yngsta stig liggja fyrir frá ráðuneytinu verði þeir einnig teknir upp. Lokaumræða um þetta verður á kennarafundi og hún síðan send til staðfestingar hjá skólaráði og skólanefnd.
- **Önnur mál**
Rætt um framtíð skólans og skólastarfs á Borgarfirði þar sem nemendum fer fækkandi og þar af leiðandi líka starfsfólki í grunn- og leikskóla.

Fundi slitið 18:45

